

Nd.

97. Frumvarp

til laga um lögreglustjóra í Keflavík.

Flutningsm.: Ólafur Thors.

1. gr.

Ríkisstjórnin skipar, að fengnum tillögum hreppsnefndar Keflavíkurhrepps, embættisgengan lögfræðing til þess að hafa á hendi hreppstjórastörf í Keflavík-urhreppi, innheimtu tolla og gjalda til ríkissjóðs, fógetavald, lögreglustjórn og dómsvald í lögreglumálum. Kallast hann lögreglustjóri.

2. gr.

Lögreglustjóranum er skylt, ef hreppsnefnd óskar þess, að gegna störfum hreppsnefndaroddvita og þar með innheimtu allra hreppsgjalda, enda sé hann sjálfkjörinn hreppsnefndarmaður með atkvæðisrétti um öll mál nefndarinnar.

3. gr.

Lögreglustjóri skal hafa að launum 2000 krónur á ári úr ríkissjóði. Hafi lögreglustjóri á hendi störf þau, sem 2. gr. tiltekur, fær hann að auk laun fyrir þau úr sveitarsjóði, samkvæmt samningi milli hreppsnefndar og ríkisstjórnar.

4. gr.

Nánari reglur um starfsvið lögreglustjórans, er starf hans snertir, skulu settar í reglugerðum, er hlutaðeigandi ráðherrar setja, að fengnum tillögum hreppsnefndar Keflavíkurhrepps og sýslumannsins í Gullbringusýslu.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Aðalástæðan fyrir þessu frumvarpi er í bréfi hreppsnefndaroddvitans í Keflavíkurhreppi, sem prentað er hér á eftir, en auk þessa eru fleiri ástæður, sem ég mun gera grein fyrir við framsögu málsins.

Fylgiskjal.

ODDVITI KEFLAVÍKURHREPPS

Keflavík, 2. marz 1933.

Við síðasta manntal voru hér í hreppnum um 1000 manns. Oddvita- og hreppstjórastörf eru því orðin hér allumfangsmikil, en þeim störfum fylgja að

lögum svo lítil laun, að hafa verður þau í hjáverkum, og er þá að vonum, að þau verði ekki rækt svo sem þörf væri á.

Til þess að færa laun oddvita eitthvað til samræmis við þá vinnu, sem nauðsynlega verður að leggja í það starf, hefir hreppssjóður á undanförunum árum greitt, auk lögmæltu launanna, kr. 600,00 í skrifstofufé.

Föst laun hreppstjóra eru innan við 200 krónur, sem með aukatekjum verða um 400 krónur. Leiðir af sjálfu sér, að ekki er hægt að leggja mikla vinnu fram á móti slíku gjaldi. En auk allrar vinnu við ýmsar skýrslur, er honum ber að safna, á hann að hafa á hendi eftirlit með heilbrigðismálum og annast lögregluftirlit. Innheimtu hefir hann á hendi á þeim gjöldum, er ekki greiðast með góðu móti og lögtaksrétt hafa, svo sem útsvörum, þinggjöldum, slysatryggingargjöldum, brunatryggingargjöldum, kirkjugjöldum, vatnsskatti, rafmagnsgjöldum og byggingarleyfisgjöldum. Mun öllum ljóst, að hér er um starf að ræða, er krefst mikils tíma.

Það leiðir af sjálfu sér, að í svona fjölmennu kaupþúni er oft full nauðsyn að hafa aðkveðandi lögregluftirlit á staðnum.

Af framangreindum ástæðum leyfir hreppsnefndin sér hér með að fara þess á leit við yður, hr: alþingismaður, að þér nú á þessu þingi flytjið frumvarp til laga um lögreglustjóra í Keflavíkurhreppi, í svipuðu formi og lög nr. 22, frá 14. júní 1929, um lögreglustjóra á Akranesi.

Það skal tekið fram, að á bak við þessa beiðni liggja einróma samþykktir tveggja borgarafunda. Hinn síðari var haldinn 27. des. f. á.

Virðingarfyllst.

F. h. hreppsnefndar Keflavíkurhrepps.

Guðm. Guðmundsson.